

## AUGLÝSING

### um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu fyrir hönd Þjóðarráðs Palestínu.

Sameiginleg nefnd EFTA og Frelsissamtaka Palestínu fyrir hönd Þjóðarráðs Palestínu tók á árinu 2003 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á bráðabirgðasamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu fyrir hönd Þjóðarráðs Palestínu frá 30. nóvember 1998, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 30/2000, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/2003	11.06.2003	Starfsreglur	11.06.2003
2/2003	01.08.2003	Stofnun undirnefndar um tolla- og upprunamál	01.08.2003
3/2003	01.08.2003	I. viðauki	01.08.2003
4/2003	01.08.2003	II. viðauki	01.08.2003
5/2003	01.08.2003	Breyting á bókun A	01.08.2003

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2003.*

**Halldór Ásgrímsson.**

\_\_\_\_\_  
*Gunnar Snorri Gunnarsson.*